

**SVERRIR THORSTENSEN, KATRÍN HERMANNSDÓTTIR,  
KETILL ÞÓR THORSTENSEN, KRISTJÁN ÓLI  
SVERRISSON OG ÞORSTEINN G. ÞORSTEINSSON**

**FUGLALÍF VIÐ HUNDATJÖRN Í  
NAUSTAFLÓA VORIÐ 2024**



Naustaflói

Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 30. maí 2024

**KÖNNUN GERÐ AÐ BEIÐNI  
UMHVERFIS- OG MANNVIRKJASVIÐS AKUREYRAR**

**AKUREYRI SEPTEMBER 2024**

## EFNISYFIRLIT:

|   |                                  |    |
|---|----------------------------------|----|
| 1 | INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS       | 2  |
| 2 | TALNINGARADFERÐIR                | 4  |
| 3 | VARPFUGLAR                       | 4  |
| 4 | AÐRIR FUGLAR                     | 8  |
| 5 | SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR  | 8  |
| 6 | LOKAORÐ                          | 9  |
| 7 | ÞAKKIR                           | 9  |
| 8 | HEIMILDIR                        | 9  |
| 9 | VIÐAUKI: FRÆÐIHEITI FUGLATEGUNDA | 10 |

# 1 INNGANGUR OG LÝSING SVÆÐIS

Að beiðni umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrar var gerð úttekt á fuglalífi í Naustaflóa vorið 2024 og er það tíunda talningin frá árinu 2008<sup>1-9</sup>. Svæðið er um 0,01 km<sup>2</sup> eða um 1 hektari að stærð (1. mynd). Um fjórðungur svæðisins er undir vatni eða blaut mýri. Syðri hlutinn er venjulega þurrari og þar þekja tré, aðallega birki og gulvíðir, æ stærri hluta. Trjágróður hefur einnig aukist verulega nyrst á talningarsvæðinu vestan við gamla framræsluskurðinn.



1. mynd. Naustaflóa. Talningarsvæðið er afmarkað með rauðri línu. Fuglaskoðunarskýli vestan svæðis.

Árið 2021 var lagður tvöfaldur rafmagnsjarðstrengur eftir svæðinu endilöngu nálægt vesturmörkum. Við það myndaðist áberandi farvegur sem safnar í sig vatni (2. mynd). Gera má ráð fyrir að raskaða svæðið muni gróa upp með tímanum. Dauð tré í tjörninni nyrst við stíflugarðiinn hafa verið felld (3. mynd).



2. mynd. Naustafló. Leið jarðstrengs um flóann.

Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 30. maí 2024.



3. mynd. Dauð tré í tjörninni við stíflugarðiinn hafa verið felld. Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 30. maí 2024

Vorið 2024 stóð vatn óvenju hátt á öllu svæðinu eftir miklar leysingar og segja má að svæðið allt hafi verið ein samfelld mýri þegar talning fór fram.

Markmiðið með talningunum er að fylgjast með framvindu fuglalífs á svæðinu eftir að Hundatjörn og votlendið var endurheimt þegar skurður norður úr svæðinu var stíflaður sumarið 2007 og stíflugarður var byggður sumarið 2009.

## 2 TALNINGARAÐFERÐIR

Talningin fór fram 30. maí og 2. júní. Byrjað var á því að horfa yfir flóann úr fuglaskoðunarskýlinu og var þá sérstaklega leitað eftir öndum. Síðan var gengið skipulega um allt svæðið og var bil á milli talningarmanna um fimm metrar. Vegna hárrar vatnsstöðu var ekki hægt að komast að öllum stöðum þar sem fuglar flugu upp af líklegum hreiðurstöðum (sjá rauðhöfðaönd, hrossagauk og stelk). Fyrri daginn var farið yfir svæðið sunnan Hundatjarnar. Seinni daginn var farið yfir nyrðri hlutann. Óðalsbundnir fuglar voru merktir inn á loftmynd og einnig hreiður sem fundust. Hettumáfar voru taldir ofan af hæstu klöppinni austan flóans fyrri daginn. Fjöldi varppara hettumáfa fæst með því að margfalda fjölda fugla með viðvistarstuðlinum  $0,61^{10}$ . Aðstæður til talningar voru ágætar, heiðskírt og logn báða dagana.

## 3 VARPFUGLAR

Alls fundust 12 tegundir varpfugla á svæðinu og er það fækkun um 2 tegundir frá síðustu talningu vorið 2022. Fjöldi varppara var 119 og er það fjölgun um 44 pör frá 2022 (sjá 1. töflu). Hreiður og óðul álfta, grágæsa, anda, hettumáfa og spörfugla eru sýnd á 5. mynd og vaðfugla á 6. mynd.

Álft – *Cygnus cygnus*

Eitt par hélt til í votlendinu nyrst. Fjöldi varppara var 1.

Grágæs - *Anser anser*

Hreiður með sjö eggjum, eitt upprifið hreiður og fimm fuglar saman. Alls voru sex fuglar á svæðinu. Fjöldi varppara var 3.

Rauðhöfðaönd – *Anas penelope*

Ein kolla flaug upp af líklegum hreiðurstað. Fjöldi varppara var 1.

Urtönd - *Anas crecca*

Eitt hreiður með átta eggjum fannst. Auk þess sást ein kolla. Fjöldi varppara var 2.

Stökkönd - *Anas platyrhynchos*

Eitt hreiður með níu eggjum, hreiður þar sem kollan lá á og var ekki fæld upp, tvö upprifin hreiður. Alls sáust þrjár steggir og fjórar kollur. Fjöldi varppara var 4.

Skúfönd - *Aythya fuligula*

Eitt hreiður með átta eggjum fannst. Fjöldi varppara var 1.

Hrossagaukur - *Gallinago gallinago*

Alls fundust sex hreiður. Fimm þeirra með fjórum eggjum hvert og eitt upprifið. Auk þess voru fjögur óðalsbundin pör á svæðinu og fugl flaug upp af líklegum hreiðurstað. Fjöldi varppara var 11.

Jaðrakán – *Limosa limosa*

Þrjú hreiður fundust. Eitt með þremur eggjum, tvö með fjórum. Fjöldi varppara var 3.

Stelkur – *Tringa totanus*

Þrjú hreiður fundust, öll með fjórum eggjum. Auk þess flaug stelkur upp af líklegum hreiðurstað. Fjöldi varppara var 4.

Hettumáfur – *Croicocephalus ridibundus*

Allir hettumáfarnir urpu á afmörkuðu svæði í sefinu umhverfis Hundatjörn (4. mynd). 140 fuglar sáust við talningu ofan af klöppinni austan flóans. Fjöldi varppara reiknast út frá fjölda fugla ( $140 \times 0,61 = 85$ ). Fyrstu ungar voru nýklaktir. Fjöldi varppara var 85.



4. mynd. Hettumáfar við Hundatjörn


Ljósmynd: Sverrir Thorstensen 30. maí 2024

Skógarpröstur – *Turdus iliacus*


Syngjandi fuglar á þremur stöðum. Fjöldi varppara var 3.

Auðnutittlingur – *Carduelis flammea*

Einn syngjandi fugl. Fjöldi varppara var 1.



5. mynd. Dreifing varpfugla í Naustaflóa 2024. Álft, grágæs, rauðhöfðaönd, urtönd, stökkönd, skúfönd, hettumáfur, skógarpróstur og auðnutittlingur.



6. mynd. Dreifing varpfugla í Naustaflóa 2024. Hrossagaukur, jaðrakan og stelkur.



## 4 AÐRIR FUGLAR

Hrafn flaug nokkrum sinnum yfir flóann í ætisleit og líklegt má telja að upprifin hreiður hafi verið af hans völdum.

## 5 SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI TALNINGAR

Fjölgun varppara milli talninga 2022 og 2024 um 44 pör skýrist eingöngu af verulegri fjölgun hettumáfa. Öndum fækkaði örlítið, úr 10 pörum 2022 í átta pör nú. Vaðfuglum fækkaði úr 28 pörum 2022 í 18 pör nú. Þar telur mest fækkun hrossagauka úr 17 pörum 2022 í 11. Álft kom aftur sem varpfugl, en rjúpa, óðinshani og þúfutittlingur sáust ekki að þessu sinni.

1.tafla. Varpfuglar við Hundatjörn í Naustaflóa, 2008, 2009, 2010, 2012, 2014, 2016, 2018, 2020, 2022 og 2024.

| TEGUND          | 2008       | 2009      | 2010      | 2012       | 2014       | 2016       | 2018       | 2020       | 2022      | 2024       |
|-----------------|------------|-----------|-----------|------------|------------|------------|------------|------------|-----------|------------|
| Álft            | 0          | 0         | 0         | 0          | 0          | 0          | 1          | 1          | 0         | 1          |
| Grágæs          | 1          | 0         | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          | 1          | 2         | 3          |
| Rauðhöfðaönd    | 3          | 0         | 0         | 2          | 2          | 3          | 3          | 0          | 3         | 1          |
| Urtönd          | 2          | 2         | 1         | 2          | 3          | 2          | 1          | 3          | 3         | 2          |
| Stökkönd        | 4          | 3         | 3         | 5          | 2          | 4          | 5          | 5          | 2         | 4          |
| Skúfönd         | 0          | 0         | 0         | 0          | 0          | 1          | 2          | 4          | 2         | 1          |
| Rjúpa           | 2          | 1         | 0         | 2          | 2          | 3          | 3          | 1          | 2         | 0          |
| Heiðlóa         | 0          | 1         | 0         | 0          | 0          | 0          | 0          | 0          | 0         | 0          |
| Hrossagaukur    | ~4         | 7         | 6         | 5          | 7          | 9          | 9          | 9          | 17        | 11         |
| Jaðrakan        | 1-2        | 3         | 4         | 5          | 4          | 4          | 7          | 8          | 6         | 3          |
| Spói            | 0          | 1         | 1         | 2          | 1          | 1          | 1          | 0          | 0         | 0          |
| Stelkur         | 2          | 4         | 2         | 1          | 2          | 1          | 2          | 2          | 4         | 4          |
| Óðinshani       | 0          | 1         | 1         | 4          | 3          | 3          | 3          | 2          | 1         | 0          |
| Hettumáfur      | 30         | 21        | 48        | 128        | 94         | 93         | 71         | 75         | 27        | 85         |
| Þúfutittlingur  | 2          | 0         | 1         | 3          | 3          | 3          | 3          | 0          | 2         | 0          |
| Skógarpröstur   | 0          | 0         | 0         | 0          | 0          | 0          | 2          | 7          | 3         | 3          |
| Auðnutittlingur | 0          | 0         | 0         | 0          | 0          | 0          | 1          | 0          | 1         | 1          |
| <b>ALLS:</b>    | <b>~50</b> | <b>44</b> | <b>67</b> | <b>159</b> | <b>123</b> | <b>127</b> | <b>114</b> | <b>118</b> | <b>75</b> | <b>119</b> |
| FJÖLDI TEG.:    | 10         | 10        | 9         | 11         | 11         | 12         | 15         | 12         | 14        | 12         |

## 6 LOKAORÐ

Fuglalífið í Naustaflóa er í góðu jafnvægi, þó alltaf séu örliðlar breytingar á milli ára. Flóinn var mjög blautur þegar talning fór fram og gæti það skýrt fækkun jaðrakans og hrossagauks frá síðustu talningu. Svæðið milli norður-suður skurðarins og varnargarðsins var allt undir vatni (3. mynd). Eins og áður er varp anda og vaðfugla þéttast í nyrðri hluta flóans umhverfis votlendið (5. og 6. mynd). Trjágróður er í miklum vexti, bæði meðfram stígnum sunnan Hundatjarnar og nyrst. Vel þarf að fylgjast með útbreiðslu lúpínu á svæðinu og bregðast strax við til að hindra framgang hennar. Naustaflói er gott dæmi um endurheimt votlendis og enn sem fyrr er mjög áhugavert að fylgst verði reglulega með fuglalífinu á svæðinu.

## 7 ÞAKKIR

Sunna Björk Ragnarsdóttir fær þakkir fyrir vinnslu kortanna (1., 5. og 6. mynd).

## 8 HEIMILDIR

1. Sverrir Thorstensen og Þorsteinn Þorsteinsson 2008. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2008*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
2. Sverrir Thorstensen og Snævarr Örn Georgsson 2009. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2009*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
3. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir og Þorlákur Snær Helgason 2010. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2010*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 6 bls.
4. Sverrir Thorstensen, Þórey Ketilsdóttir, Kristján Óli Sverrisson og María Ketilsdóttir 2012. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2012*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
5. Sverrir Thorstensen, Lára Guðmundsdóttir, Þórey Ketilsdóttir, María Ketilsdóttir og Snævarr Örn Georgsson 2014. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2014*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 8 bls.
6. Sverrir Thorstensen 2016. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2016*. Umhverfisnefnd Akureyrar. 7 bls.
7. Sverrir Thorstensen, Þorsteinn Þorsteinsson og Katrín Hermannsdóttir 2018. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2018*. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar. 9 bls.
8. Sverrir Thorstensen, Ketill Þór Thorstensen, Snævarr Örn Georgsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir 2020. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2020*. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar. 10 bls.
9. Sverrir Thorstensen, Ketill Þór Thorstensen, Kristján Óli Sverrisson og Snævarr Örn Georgsson 2022. *Fuglalíf við Hundatjörn í Naustaflóa vorið 2022*. Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar. 11 bls.
10. Ævar Petersen og Sverrir Thorstensen 1993. *Hettumálfsvörp í Eyjafirði 1990*. Bliki 13, 45-59.

9 VIÐAUKI: Fræðiheiti fuglategunda.

|                 |                                   |
|-----------------|-----------------------------------|
| Álft            | <i>Cygnus cygnus</i>              |
| Grágæs          | <i>Anser anser</i>                |
| Rauðhöfðaönd    | <i>Anas penelope</i>              |
| Urtönd          | <i>Anas crecca</i>                |
| Stökkönd        | <i>Anas platyrhynchos</i>         |
| Skúfönd         | <i>Aythya fuligula</i>            |
| Rjúpa           | <i>Lagopus muta</i>               |
| Heiðlóa         | <i>Pluvialis apricaria</i>        |
| Hrossagaukur    | <i>Gallinago gallinago</i>        |
| Jaðrakan        | <i>Limosa limosa</i>              |
| Spói            | <i>Numenius phaeopus</i>          |
| Stelkur         | <i>Tringa totanus</i>             |
| Óðinshani       | <i>Phalaropus lobatus</i>         |
| Hettumáfur      | <i>Chroicocephalus ridibundus</i> |
| Þúfutittlingur  | <i>Anthus pratensis</i>           |
| Skógarþröstur   | <i>Turdus iliacus</i>             |
| Hrafn           | <i>Corvus corax</i>               |
| Auðnutittlingur | <i>Carduelis flammea</i>          |